

Myndina af Teiti tók Guðrún Karlsdóttir læknanemi á efri hæðinni á slysó.



## Teitur Ari Theodórsson

# Dagur í lífi læknanema í sumarafleysingum á bráðamóttökunni

**7:50** Vakna og skutla konunni í vinnuna. Kem heim og hef það náðugt, reyni að leggja mig.

**09:00** Fer á ról og skipulegg daginn. Vil reyna að koma ýmsu í verk áður en ég mæti á vakt á BMT (bráðamóttökuna) kl. 15:00.

**09:20** Byrja daginn á ísköldum collab (varúð ef bráðaofnæmi fyrir fiski). Fer yfir efri meltingarvegsblæðingar á RCEM-learning (síða sem sérhæfir sig í náms efni fyrir bráðalækningar). Er að reyna að fara yfir eitt atriði á umræddri síðu á dag, sjáum til hversu lengi það endist. Hlusta á meðan á tónlist úr *In the heights*, söngleiknum sem ég sá í London um árið. En undirritaður á einmitt bíómíða á kvikmynd byggða á fyrrnefndum söngleik. Um að gera að skella sér áður en næsta afbrigði veirunnar lítur dagsins ljós.

**11:00** Kíki aðeins á handritið fyrir næsta þátt af *Dagáli læknanemans* sem stendur til að taka upp á eftir. Fer því næst í ræktina. Ótrúlegt en satt er chest (brjóstvöðvar) í dag. Kippi með mér maikai-skál úr ræktinni til þess að borða í kvöld á vaktinni.

**12.30** Mættur í höfuðvígið, Skaftahlíðina, með kollegum; Sólveigu Bjarnadóttur og Magnúsi Karli Magnússyni, sérfræðingi í blóðlækningum. Tökum upp þátt af *Dagáli læknanemans*. Að þessu sinni fjallar þátturinn um klínískar lyfjatilraunir og er ferill COVID-bóluefna rakinn

frá tilraunastofunni að upphandleggjum landsmanna. Þátturinn kemur vel út.

**14:00** Stekk heim í sturtu og beint á vakt.

**15:00** Vaktin hefst. Í dag eins og aðra daga stefnir í annríkan dag á bráðamóttökunni. Verð á B-svæði í dag þar sem minna veikir sjúklingar lenda. Fæ rapport um nokkra sjúklinga sem ég erfi frá morgunvaktinni. Svo hefjast hlaupin.

**18:00** Vaktin heldur áfram. Búinn að hitta þó nokkuð marga sjúklinga, misveika. Hef fyrstu uppvinnslu. Ber þá svo undir ábyrgan sérfræðing sem býr til plan. Heyri í öðrum sérgreinum. Fæ konsúlt, melda suma til innlagnar, aðrir fá að fara heim. Eitt það skemmtilegasta við starfið eru samskiptin við aðrar sérgreinar. Læri alltaf eitthvað nýtt.

**19:30** Orðinn glórhungraður. Fer inn á kaffistofu og borða maikai-skálina sem ég er búinn að hlaupa til að gæða mér á. Lit út, hmm sól úti? Var sól þegar ég mætti í vinnuna? Gríp með mér banana og gæði mér á einum Sæmundi í sparifötum áður en ég fer aftur á barinn (B-svæðið á BMT).

**19:45** Þrátt fyrir að allir séu búnir að hlaupa alla vaktina, sér ekki á skjáborðinu. Sjúklingar greinilega jafnvel duglegri að mæta en við að koma þeim í farveg. Reyni að klára eitthvað af nótunum og hitti svo næsta sjúkling.

**22:00** Næturvaktin mætir á svæðið.

Alltaf kærkomið. Margir að bíða og hafa beðið í fleiri klukkutíma eftir mati.

**23:00** Sé fram á að allir mínir sjúklingar komist heim. Góð tilfinning þegar náðst hefur að leysa vandamál og áhyggjur sjúklinga án innlagnar. Eins og aðra daga hafa mörg spennandi tilfelli endað á BMT. Hugsu um hvað ég hef lært mikið í dag. Finnst eins og ég hafi byrjað í læknaeild í gær. Svo eru það núna bekkjarfélagar sem svara konsúltsímunum. Tíminn líður. Fer niður í sérfræðingaherbergið og klára nótur. Bý mig undir heimför.

**00:30** Kem heim, upptjunaður eftir vaktina. Fer í gegnum allar tilkynningarnar í símanum sem hafa hlaðist upp og hlusta á tónlist til þess að ná mér niður. Set svo þátt af *The Office* í gang í tölvunni, Michael Scott enn einu sinni kominn í vandræði, og held á vit ævintýrana í draumalandinu.